

Fyrsti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn miðvikudaginn 21. september, 2011, kl. 18.00 að heimili Gerðar G. Óskarsdóttur, Breiðahvarfi 2, Kópavogi.

Þeim sem áhuga höfðu á var boðið í stutta gönguferð umhverfis Kríunes við Elliðavatn fyrir fundinn. Fjórar konur fóru í gönguferðina í blíðskaparveðri.

Tekið fyrir:

1. **Fundarsetning.**Formaður, Kristin Jónsdóttir, setti fund kl. 18:02, bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 23 konur fundinn.
2. **Fundargerðir síðustu funda.**Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, las upp fundargerð fundar 23. mars sl. og var hún samþykkt. Árný Elíasdóttir las upp fundargerð frá fundi í Hveragerði 21. maí sl. sem Epsilondeild bauð til og var hún samþykkt.
3. **Fjármál.**Árný Elíasdóttir, gjaldkeri, ræddi stöðu fjármála deildarinnar og sagði félagsgjöld óbreytt eða kr. 9.000.-
4. **Jólafundur.**Formaður kannaði undirtektir við hugmynd stjórnar Alfdeildar um að halda sameiginlegan jólafund fyrir deildirnar á höfuðborgarsvæðinu. Þær sem tjáðu sig um málið töldu að jólafundur deildarinnar væri hápunktur vetrarstarfsins og töldu mikilvægt að hann yrði ekki lagður af. Jafnframt var talið sjálfsagt að ef ákveðið yrði að halda sameiginlegan jólafund myndu þær konur mæta sem áhuga hefðu.
5. **Breyttur fundartími, komandi atburðir o.fl.**a) Formaður bar upp þá tillögu að fundir hæfust nokkuð fyrr en venja hefur verið eða kl. 19.30 með hliðsjón af því að farið er að flýta ýmsum atburðum í þjóðfélaginu, svo sem leiksýningum. Tillögunni var ekki mótmælt og telst hún því samþykkt. b) Formaður leitaði eftir áhuga félagskvenna á því að fjölga í deildinni. Málinu vísað til stjórnar. c) Formaður fór yfir dagskrá vetrarins sem áfram byggir á 7. markmiði samtakanna: „Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnsmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.“ Fundir hafa verið ákveðnir 20. okt., 15. nóv., 5. des., 17. jan., 22. febr., 22. mars og s.hl. maí. d) Landssambandsþingið verður síðustu helgina í apríl eða 28. og 29. apríl. e) Fulltrúaráðsfundur var haldinn 3. sept. sl. sem nýr forseti, Sigríður Ragna Sigurðardóttir, stýrði. f) Formaður minnti á að á síðasta landssambandsþingi voru Pálína Jónsdóttir og Sigríður Valgeirsdóttir heiðraðar. g) Loks kynnti formaður verkefnið *Heilahristing* sem Borgarbókasafnið og Rauði krossinn standa að ásamt fleiri aðilum. Það felst í að styðja börn af erlendum uppruna og er sjálfboðaliðastarf, einu sinni í viku, en sjálfboðaliða vantar í verkefnið.
6. **Evrópuþing í Baden-Baden.** Ingibjörg Jónasdóttir sagði frá þinginu sem hópur íslenskra kvenna sótti. Þingið var undirbúið af tveimur deildum. Á forráðstefnu um læsi var framlag frá Íslandi um stóru upplestrarkeppnina. Námskeið voru haldin fyrir þær sem eru að taka að sér störf í nefndum en fimm íslenskar konur eru nú í alþjóðanefndum á vegum samtakanna. Haldnir voru fjöldi fyrirlestra og í hópi fyrirlesara voru nokkrar íslenskar konur.
7. **Orð til umhugsunar.**Þau flutti að þessu sinni varformaður Gammadeildar, Helga G. Halldórsdóttir. Hún beindi augum að þeim sem illa hafa farið út úr kreppunni sem er að mörgu leyti annar hópur fólks en verið hefur áður í vanda. Hún sagði frá verkefni hjálparsamtaka, *Gott, hollt og ódýrt*, sem eru 12 sjónvarpsþættir á Mbl.is um matreiðslu og námskeið í matseld og lífsleikni sem haldin verða í Réttarholtsskóla.
8. **Matur borinn fram.**Þá var borin fram sæt kartöflusúpa með brauði frá fyrirtækinu Yndisauka. Kaffi og konfekt á eftir.

9. **Umræður í hópum um efni fyrirlestra frá síðasta vetri.** Fundarkonur skiptust nú í þrjá umræðuhópa sem dreifðu sér um húsið. Formaður hafði undirbúið efni og spurningar fyrir hópana til að ræða. Annað efnið var um konur og völd og m.a. spurt hvort karlar eigi auðveldara með að komast í valdastöður en konur, kynjakvóta, fordóma og vinnubrögð kynjanna. Hitt efnið var um stöðu kynjanna og spurt m.a. hvort kvennasamstaða skipti máli, stöðu jafnréttis, mælitæki og ólík gildi kynjanna. Báðum verkefnum fylgdu tilvitnanir í gesti okkar frá í fyrra, þær Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Rögnu Árnadóttur og Steinunni Guðbjartsdóttur. Fjörugar umræður spunnust í hópunum og góður rómur gerður að þessum dagskrárlið.

10. **Rósir.** Formaður færði Þórunni Björnsdóttur rós í tilefni af því að hún hlaut nýlega jafnréttisverðlaun Kópavogs. Einnig færði hún Gerði húsráðanda rós og þakkað húsaskjólíð og umsjón með veitingum. Formaður sleit fundi um kl. 9.00.

11. **Lokasöngur.** Þórunn settist við píanóið og stjórnaði fjöldasöng og var m.a. sungið um ágústkvöldið, létta lækinn, Esjuna og vökunótt.

Fleira ekki tekið fyrir,

GGÓ, fundarritari.